

6. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2016-2017 haldinn þriðjudaginn 30. maí 2017 kl.12:00.

Mætt voru: Elísabet Siemsen skólameistari, Steinþór Einarsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Jónsson, Þorgerður Anna Arnardóttir og Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara og Selma Rós Axelsdóttir fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

1. Endurvakning góðvinafélags FG – GFG. Rætt um að mikilvægt sé að stýringin komi frá eldri nemendum og starfsmönnum. Tvíþætt hlutverk þ.e. tengsl við skólann og vettvangur til að koma saman. Tillaga að funda með skólanefndinni einu sinni á ári.
2. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs fór yfir starf ráðsins á skólaárinu. Ennþá verið að skapa venjur. Fundur með foreldrum nýnema í upphafi annar er mikilvægur. Stefnt að því að fá Selmu Rós Axelsdóttur fráfaraðandi forseta NFFG til að mæta á fyrsta fund í haust og segja frá félagslífi nemenda og hvetja til þátttöku þeirra. Foreldraráðið heldur úti fésbókarsíðu og hélt tvo fræðslufundi fyrir foreldra á skólaárinu. Mikilvægt að netfangalistar séu réttir í Innu svo hægt sé að vera í góðu sambandi við foreldra. Rætt um að hafa fund með ráðinu og umsjónarkennurum þannig að meiri skilningur verði á þeim málum sem umsjónarkennarar eru helst að fást við.
3. Skólaslit og útskrift. Athöfnin gekk vel og 93 voru brautskráðir og tveir skiptinemar kvaddir.
4. Umsóknir og innritun. Ljóst er að mun fleiri umsóknir eru í skólann á haustönn 2017 en hægt verður að samþykkja.
5. Önnur mál. Tímabært að halda á lofti hugmyndum um stækkun skólans. Stefnt á að bjóða fulltrúa byggingarnefndar á fund í byrjun haustannar.

Formaður þakkar samstarfið við settan skólameistara á skólaárinu.

Næsti fundur í byrjun haustannar. Fundi slitið kl.13:15

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.